

Náttúruperlur í Innri Njarðvík

Nemendur í Löxum, Silungum og Urriðum hafa verið að vinna í námsefninu "Lífriki í fersku vatni." Byrjað var á því að fara í Alviðru og þar var gist eina nótt. Þessi ferð var bæði skemmtileg og lærdómsrík. Farið var í gönguferðir, jurtum safnað og þær skoðaðar og nemendur tíndu ber sem þeir bjuggu til sultu úr. Eftir þessa ferð byrjuðu nemendur að vinna verkefni úr bókinni og úr náttúru. Farið var í tvær vettvangsferðir þar sem náttúran í kringum Akurskóla var skoðuð. Við byrjuðum á því að fara niður að tjörnunum þar sem nemendur tóku sýni, fóru með upp í skóla og settu í fiskabúr. Eftir að hafa fylgst með sýninu í nokkra daga var lífverum sleppt aftur út í tjarnirnar. Seinni vettvangsferðin var farin að Fitjum þar sem fuglalífið var skoðað. Þar sáum við margar tegundir fugla s.s. áltfir, rauðhöfðaendur og stokkendur. Þemanu lauk svo þriðjudaginn 16. október þegar nemendur kynntu fyrir bekknum fuglalífið við Fitjar. Kynningin var frábær í alla staði og gaman var að sjá hversu mikla vinnu krakkarnir lögðu í kynninguna. Sjá mátti breytta útfærslu af svanadansinum, leikrit, frumsamin ljóð, hreiður, myndband og margt fleira.



Akurskjóli



Krakkarnir í frístundaskólanum Akurskjóli héldu náttfataball í byrjun október. Eins og fram kemur á þessum myndum skemmtu krakkarnir sér mjög vel! Boðið var upp á dýrindis skúffuköku í kaffinu og svo var dansað fram eftir degi. Starfið hjá okkur hefur gengið frábærlega vel frá því skólastarfið hófst, enda frábærir krakkar í Akurskjóli!

Starfsdagur og vetrarfrí

Starfsdagur verður í skólanum miðvikudaginn 24. okt. Vetrarfrí verður fimmtudaginn 25. okt og föstudaginn 26. október. Engin kennsla fer fram þessa daga og er því frí hjá nemendum. Frístundaskólinn verður opinn fyrir þau börn sem hann sækja en foreldrar eru beðnir að láta forstöðumann Akurskjóls vita ef þau hyggjast nýta sér þá þjónustu.

Smá Korn

Við hvetjum foreldra til að fylgjast með veðurspá og sjá til þess að nemendur komi í skólann klæddir eftir veðri.

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

Smiðja - Tæknimennt

Einn hópur hefur lokið smiðju í tæknimennt en það er smiðja þar sem nemendur vinna með Legokubba, búa til ýmiskonar farartæki og annan búnað sem hægt er að knýja áfram með vélarafl. Markmið með þessari smiðju er að nemendur öðlist skilning á grundvallarlögmálum vélfræðinnar. Eins og virkni tannhjóla, skruhjóla, öxla og annarra hluta í vélbúnaði. Nemendur nota hugmyndaflugið þegar kemur að hönnun farartækja. Í lok hverrar smiðju er keppt í nokkrum þrautum. Viðurkenning er veitt fyrir hraðskreiðasta farartækið sem nær að klára þrautabraut villulaust og einnig kjósa nemendur bestu-flottustu hönnunina. Veitt er viðurkenningarskjal fyrir heildarstigafjölda.

Myndin hér til hliðar er af nemendum að keppa í þrautabrautinni og hin myndin er af þeim Eyjólf og Anítu Sif sem fengu flest stig og urðu sigurvegarar.



Vígsla íþróttahúss og sundlaugar



Formleg opnun íþróttamiðstöðvar Akurskóla fór fram 12. september síðastliðinn. Bæjarstjórinn afhenti síðan Jónínu Ágústsdóttur, skólastjóra Akurskóla, húsið til afnota og tók Lára Rut Björgvinsd. nemandi við blómvendi við þetta hátíðlega tækifæri. Í tilefni dagsins

var boðið upp á dagskrá þar sem nemendur úr Tónlistarskóla Reykjaness-bæjar komu fram. Nemendur Akurskóla tóku einnig virkan þátt í opnuninni og sýndu boðsund í nýju sundlauginni en í íþróttahúsinu fengu þeir að sýna listir sínar í íþróttum. EFF bauð gestum upp á brúnköku og drykki.



Færnismiðuð myndmennt

Í fyrsta tímanum í haust sýndu nemendur mikinn áhuga á myndavélum og fréttamennsku. Því var ákveðið í sameiningu að fræðast um fréttamennsku, gerast fréttamenn og taka viðtöl við starfsfólk og nemendur skólans.

Hilmar Bragi, fréttamaður hjá Víkurfréttum, kom í heimsókn og talaði við nemendur um fréttamennsku. Nemendur smíðuðu sér myndavélar og upptökutæki í myndmennt en eftirvæntingin og spennan var svo mikil að ekki náðist að fullklára allar myndavélarnar fyrir viðtölin. Nemendur skiptu sér í hóp og voru tveir saman með hvert viðtal. Kristinn var aðstoðarmaður verkefnisstjóra og tók meðal annars myndir af verkefni.



Alviðra

Í september fóru nemendur úr 5.-6. bekk í skólaferðalag til Alviðru. Alviðra er umhverfis- og fræðslusetur Landverndar og er bærinn staðsettur í um 60 km frá Reykjavík, undir Ingólfsfjalli. Á staðnum nutu nemendur leiðsagnar forstöðumanns um náttúru svæðisins. Þessi ferð tengist þema sem nemendur eru að vinna og ber heitið „Lífriki í fersku vatni.“ Nemendur unnu verkefni á staðnum, greindu og söfnuðu plöntum úti í náttúrunni. Í hlöðunni við Alviðru fengu nemendur að sjá og snerta urriða, bleikju og silunga. Kanínur í hlöðunni vöktu mikla lukku og einnig kaðall þar sem Tarzan kom fram í mörgum nemendum. Nemendur höfðu gagn og gaman af því að koma til Alviðru og vonandi hafa þeir orðið nokkurs vísari eftir heimsóknina.



Smiðja - Myndmennt

Nemendur hafa unnið ýmis verkefni í smiðju í myndmennt. Hér eru eldri nemendur að vinna með viðfangsefnið mynstur



Andri og Daníel vinna með speglun.



Sigurborg og Ásthildur æfa speglun með bleki.



Lovísa og Eva Lóa vinna með prófil og speglun.

Gönguferðir nemenda og foreldra



Í haust skipulögðu mæðurnar Anna Sofia og Dagný gönguferðir um Reykjanesið fyrir börn, foreldra og starfsmenn Akurskóla. Þær stöllur skipulögðu gönguferðir fyrst að Lambafellsklofi, síðan um Hópsnesið og í síðustu ferðinni var gengið að Grænavatni og Spákonuvatni. Þátttakendur í gönguferðunum voru afar ánægðir með þetta framtak Önnu Sofíu og Dagnýjar og vilja færa þeim



bestu þakkir fyrir ánægjulega samveru en milli átta og tíu fjölskyldur mættu í hvert skipti. Hér til hliðar eru myndir frá gönguferðunum.

Öryggi í umferðinni

Gangbrautarkerki hafa verið sett upp við gangbrautir í nágrenni skólans.

Við viljum biðja foreldra um að brýna fyrir börnum sínum að nota gangbrautirnar þegar þau þurfa að fara yfir götur. Einnig viljum við biðja foreldra um að tryggja að börnin noti endurskinsmerki. Lýsing á skólalóð hefur verið í ólagi undanfarnar vikur. Við biðjumst velvirðingar á þessari bilun og vonum að ljósin fái að loga um ókomna tíð.


Gróðursetning

Síðustu vikuna í september gróðursettu nemendur í 6., 7. og 8. árgangi plöntur á skólalóðinni með aðstoð Björns Guðbrands frá samtökunum Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs.



Sundlaugin

Mikil ánægja ríkir meðal nemenda og kennara með nýju íþróttaaðstöðuna í Akurskóla. Stutt er fyrir nemendur að fara í íþróttir og öll aðstaða er til fyrirmyndar. Nemendur hafa verið að fíkra sig áfram með badmintonspaðana í íþróttahúsinu undanfarið og sundtökin æfð og farið í skemmtilega leiki í sundlauginni.



Legolið Akurskóla

Legolið Akurskóla er í fullum undirbúningi fyrir Legohönnunarkeppnina sem fram fer í Háskóla Íslands þann 10. nóvember. Lið Akurskóla sem heitir Klósettkafararnir hefur klárað að setja upp brautina og er að leggja lokahönd á rannsóknarverkefnið. Núna er aðal markmiðið að klára að leysa þrautirnar og forrita vélmennið þannig að það geti leyst allar þrautirnar. Í legoliðinu í ár eru Atli, Aron, Arngrímur, Davíð Freyr, Daníel Smári, Erla, Eypór, Stefanía Bjarney og Símon.



Hvar stöðvum við bifreiðar?

Við viljum biðja foreldra sem aka börnum sínum í skólann að stöðva bifreiðarnar við aðalinnganginn til móts við Tjarnabraut, en ekki við Skólagötu á móti inngangi nemenda. Þetta eru vinsamleg tilmæli sem við biðjum foreldra um að taka tillit til. Miðað við ástandið sem skapast um áttaleytið við Skólagötu eru börnin okkar í hættu þegar þau fara yfir götuna.

Útivistarreglur

Börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannafæri nema í fylgd með fullorðnum eftir kl. 20 á veturna og frá kl. 22 á sumrin. Unglingar 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 á veturna nema þeir séu á heimleið frá skóla, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Útivistartíminn lengist um tvær stundir á sumrin.

Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir

Akurskóli
Tjarnabraut 5
S: 420 4550 Fax: 420 4551
www.akurskoli.is
akurskoli@akurskoli.is